



Reykjavík, 19. nóvember 2018  
USK2018110006

## Borgarráð

**Málefni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað Reykjavíkurborgar við að gera upp Alliance húsið – Tilvísun í mál R18090026.

Á fundi borgarráðs þann 1. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

*„Hvað kostaði það Reykjavíkurborg í heildina að gera upp Alliance húsið og hver var upphafleg kostnaðaráætlun við endurgerðina? Svar óskast sundurliðað eftir heildarkostnaði verkefnisins, kostnaðarliðum og verktökum. Einnig, þar sem húsið er friðað, hver aðkoma sérfræðinga á því sviði, t.d. Minjastofnunar, var í verkefninu. Hver var verkefnastjóri yfir verkefninu um endurbætur og hvaða deild eða skrifstofa borgarinnar hafði yfirumsjón með verkefninu?“*

Svör:

Framkvæmdir við lagfæringar á Alliance húsinu við Grandagarð 2 fóru fram á árunum 2013 og 2014. Samþykkt áætlun verkefnisins skv. fjárhagsáætlun 2013 og 2014 var alls 110 mkr. Upphafleg kostnaðaráætlun var 100 mkr.

Sundurliðaður heildarkostnaður verkefnisins skv. bókhaldi Reykjavíkurborgar er 106,4 mkr. og sundurliðast þannig:

**Skrauma ehf.**

Utanhússviðgerðir

útboðsverk	63.326.479	
Útboðsverk magnbreytingar	3.988.998	
Aukaverk	11.267.270	<b>78.582.747</b>

**Argos ehf**Arkitektavinna **2.917.800****Efla hf verkfræðistofa**

Hönnun og ráðgjöf	11.807.857	
Umsjón og eftirlit	4.773.635	<b>16.581.492</b>

**Sigurður Helgi Hansson,**Múrverk **1.208.788****MG Hús ehf,**Hreinsun út úr risi **1.393.688****Húsalagnir ehf**Pípulagnir **368.508****Ljósver ehf**Raflagnir **153.226****Allt-af ehf**Hreinsun á stétt **34.942****Spíssar ehf**Hreinsun á rennum og  
niðurföllum **142.396****Skolphreinsun Ásgeirs sf**Hreinsun á lögnum **64.506****Sögusafnið ehf**Rif á plötuklæðningu  
innan húss og förgun **477.291****Sendibílar** **19.186****Byko hf**Efniskaup **2.387****Securitas**Öryggisvarsla, útköll **323.449****Prenta ehf**Prentun á teikningum og  
gögnum **94.560****Reykjavíkurborg**Opinber gjöld **87.306****Milliviðskipti umsjón SEA, og****USK** **4.191.513**

---

**106.731.071****leiðrétt fylgiskjöl** **-206.802**

---

**Heildarkostnaður** **106.436.983**

Erindi var lagt inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík dags. 13. mars 2013 þar sem óskað var eftir leyfi til að endurgera glugga, hurðir og fleka í húsinu jafnframt því sem breytt notkun yrði á 1. hæð hússins. Umsögn borgarminjavarðar fylgdi erindinu þar sem mælt var til þess að umræddar breytingar yrðu heimilaðar.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) setti verkefnið af stað og leitaði til Argos arkitekta ehf. eftir hönnun og ráðgjöf varðandi endurbyggingu. Þá var leitað til verkfræðistofunnar Eflu um verkfræðihönnun og aðra ráðgjöf við endurbygginguna.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds (USK) sá síðan um að bjóða út framkvæmdir við húsið og hafði yfirumsjón og verkefnastjórnun með þeim. Helstu verkþættir voru að endurnýja þakklæðningu og burðarvirki, glugga, múr og málningu útveggja.

Tilboð í verkið voru opnuð 20. júní 2013. Þar var lægsta boð frá Skrauma ehf. og var það 117% af áætlun.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds